

Námsáætlun í verkgreinum – hönnun og smíði

Kennarar: Valdimar Stefánsson

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákn, tóna, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflið, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Listir og verkþekking myndar stóran og fjölbreyttan atvinnu vettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Námið í list- og verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms. **List- og verkgreinar skiptast í tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði.**

Kennt er í 7 vikna lotum, 2 x tvær kennslustundir á viku.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsefni	Námsmat
Trésmíði	Nemandi skal í lok lotu geta: • valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt, • gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með, • dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar, • unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit, • sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með, • beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.	Frá kennara, bókum og neti	• Leiðsagnarmat • Verkefnamat • Lokamat: Framfarir og verkefni metin í lok námstíma
Vinnuteikningar			
Viðarfræði			
Öryggisfræði			
Flokkun efna			